
KVIKMYNDIR

Laugarásbíó frumsýnir Jötuninn ógurlega

Í dag frumsýnir Laugarásbíó kvikmyndina Jötuninn ógurlega, sem gerð er eftir samnefndum bandarískum sjónvarpsmyndaflokki. Leikstjórar myndarinnar eru Kenneth Johnson og Sigmund Neufeld. Handrit: Kenneth Johnson, og Sigmund Neufeld. Handrit: Kenneth Johnson, Thomas E. Szollosi og Richard Christian Matheson. Framleiðandi: Kenneth Johnson og Chuck Bowman. Aðalhlutverk: Bill Bixby, Lou Ferrigno, Susan Sullivan og Jack Colvin. Sagan hefur verið framhaldsmyndasaga í Morgunblaðinu um nokkurt skeið.



Vísindamaðurinn David Banner (Bill Bixby) vinnur að því að rannsaka þá ofurmannlegu krafta sem menn búa yfir undir miklu álagi. Við þessar rannsóknir gerist það slys, að Banner verður fyrir mikilli gammageislun. Hann verður ekki var við nein slæm áhrif af geisluninni fyrr en hann missir næst stjórn á skapi sínu. Þá breytist hann í ógurlegan risa nærri sjö feta háan og tröllaukinn að burðum. Þegar honum rennur reiðin, verður hann aftur eins og hann á að sér.

Með hjálp félaga síns reynir Banner að brjótast út úr þessum álagafjötrum, sem hafa valdið því að efnafræðileg uppbygging líkama hans hefur breyst. Ómerkilegur blaðasnápur, sem er á höttunum eftir æsifrétt gerir þær tilraunir hins vegar að engu. Og afleiðingarnar eru afdrifaríkar.

MYNDLIST

Sýningar um helgina

Kjarvalsstaðir: Septem-hópurinn sýnir 60 olíumálverk og 5 skúlptúrverk í austursal. Sýningunni lýkur 21. september.

Vilhjálmur Bergsson sýnir 63 olíumálverk og 10 teikningar í vestursal. Sýningunni lýkur 21. september.

Norræna húsið: Una Dóra Copley sýnir málverk, grafík o.fl. í anddyri. Sýningunni lýkur 28. september.

FÍM-salurinn, Laugarnesvegi 112: Örn Ingi sýnir málverk, teikningar og skúlptúra. Sýningin er opin frá kl. 14—22 og lýkur 21. september.

Gallerí Suðurgata 7: Finnski myndlistamaðurinn Ilkka Juhani Takalo-Escola sýnir verk með blandaðri tækni. Sýningin er opin frá kl. 16—18 virka daga, en 16—22 um helgar og lýkur um mánaðamótin.

Djúpið, Hafnarstræti: Sjöfn Haraldsdóttir sýnir tré- og leirmyndir. Sýningin er opin frá kl. 11—23.30 og lýkur 24. september.

Mokka-kaffi við Skólavörðustíg: Úlfur Ragnarsson sýnir vatnslita- og pastelmyndir. Sýningin stendur til mánaðamóta.



Eitt af verkum Ilkka Juhanis á sýningunni í Suðurgötu 7.



Frá sýningu Septem-hópsins í austursal Kjarvalsstaða.

Í DAG kl. 14.00. opnar Vilhjálmur Bergsson sýningu í vestursal Kjarvalsstaða sem hann nefnir „Ljós og víddir".

Á sýningunni eru 63 olíumálverk og 10 teikningar. Þetta er sextánda einkasýning Vilhjálms og stendur til 21. september.

Vilhjálmur Bergsson stundaði nám í Myndlista- og handíðaskólanum 1951—56. Árið 1958 hóf hann nám í skóla Ríkislistasafnsins í Kaupmannahöfn og útskrifaðist þaðan 1960. Næstu tvö ár, 1960—62, var hann á akademíum í París. Vilhjálmur hefur haldið 5 einkasýningar í Kaupmannahöfn, en þetta er 11. sýning hans hér heima. Hún er opin frá kl. 14—22 daglega.

Það er framtíðarsýn í mínum myndum . . .

— Hér er málað með heilanum, sagði gamall kall, þegar blm. rak inn höfuðið á Kjarvalsstaði í gær.

— Það er einmitt það, sagði ég og leit í kringum mig.

— Nei, það er lítið sem ég geri með heilanum, sagði sá gamli, ég er bara smiður.

Þessi kall var Bergur, faðir þeirra bræðra Guðbergs og Vilhjálms. Nú tók í höndina á mér Vilhjálmur Bergsson og ég bað hann að segja mér svolítið um sínar myndir.

— Ég held, sagði hann, — að því betur sem listamaðurinn málar því minna geti hann sagt um sínar myndir. Ég átti fyrrum miklu hægara með að tala um mínar myndir, þó ég hafi reyndar aldrei verið mikið fyrir útskýringar. Sé listamaðurinn frumlegur í hugsun og setji hann meiningu sína fram á kunnáttusamlegan hátt — þá er takmarkinu náð.

Það er mín skoðun, að list aldarinnar sé að ná hámarki sínu einmitt nú, bæði hvað varðar ímyndunarafl og verkkunnáttu.

Jú, það er rétt, við höfum lifað mikla snillinga. En um Picasso er það að segja t.d. að list hans var aðallega hugmyndafræðilegs eðlis, Picasso lagði lítið upp úr útfærslum.

Það sem aftur á móti er að gerast í dag, það er sjálf útfærslan á hugmyndum brautryðjendanna. Í dag eru möguleikarnir, tæknilega séð að útfæra þær hugmyndir, svo meira jafnvægi og meiri ró skapist í myndverkinu.

Þetta er auðvitað mín persónulega skoðun. Ég held að toppurinn í listinni sé **ekki** þegar byltingarástand ríkir, heldur þegar þær miklu umbreytingar hafa verið meltar.


— Ætlið þið að vera lengi á þessari helvízku kjaftatörn? spurði nú sá gamli.

— Þessar þrjár myndir, sagði Vilhjálmur, sem þér þóttu beztar, það eru gamlar myndir, alveg frá 1965. Ég stúderaði þá gömlu meistarana. Mér finnst gaman að hafa þær hér með. En mörgum þykir framtíðarsýn í myndum mínum, ég held að það sé rétt.

Nú kom sá gamli Bergur og klappaði á öxlina á mér:

— Þú verður að fara vinur, áður en þú sofnar í stólnum. Og þá fór ég.

—J.F.Á.



Vilhjálmur Bergsson við nýjustu mynd sína, „Tveir tengdir heimar".

MYNDLIST

Vilhjálmur Bergsson á Kjarvalsstöðum

sýnir 63 olíumálverk og 10 teikningar

TÓNLIST

Nelly Ben-Or í Austurbæjarbíói

HINGAÐ til lands er kominn pólski píanóleikarinn, Nelly Ben-Or, en hún mun halda tónleika á vegum Tónlistarskólans í Reykjavík í dag kl. 14.30 í Austurbæjarbíói. Á efnisskrá tónleikanna eru Sónata eftir Haydn, Kreisleriana eftir Schumann, Mazúrkar eftir landa hennar Szymanowski og Chopin og að lokum þriðja Sónata Chopins í h-moll.

Nelly Ben-Or fæddist í Varsjá, hélt sína fyrstu opinberu tónleika 13 ára gömul og veitti ríkisstjórn Póllands henni þá sérstakan Chopin-námsstyrk og píanó að auki. Framhaldsnámi sínu lauk hún síðan með frábærum árangri í Tónlistarakademíunni í Jerúsalem í Ísrael, en meðal kennara hennar þar voru tónskáldin Paul Ben-Haim og Joseph Tal og píanóleikarinn Henrietta Michaelson frá Juilliard-tónlistarskólanum í New York.

Nelly Ben-Or er nú búsett í Englandi og er prófessor við Guildhall School of Music í London.

Hún heldur tónleika og námskeið víða um heim, nýlega í Ástralíu, Þýzkalandi, Hollandi, Ísrael, Norðurlöndum, Sviss og Bandaríkjunum. Þetta ár mun hún halda tónleika og námskeið í Ísrael, Bandaríkjunum og Bretlandi auk Íslands.

Námskeið í Alexander-tækni

Nelly Ben-Or er einnig hingað komin til að halda námskeið á vegum Félags Tónlistarkennara, sem fram fer í Tónlistarskólanum í Reykjavík dagana 15. og 16. september nk. og verða einkatímar fram eftir vikunni. Mun hún þar kynna hina svokölluðu Alexander-tækni, en þetta er í fyrsta sinn, sem tækni þessi er kynnt hér á landi. Nelly Ben-Or er þaulreyndur kennari á því sviði og hefur haldið slík námskeið við tónlistarstofnanir í Evrópu, Ísrael og Bandaríkjunum í mörg ár. Hin svonefnda Alexander-tækni er aðferð, sem beitt er til að öðlast meiri skilning á því hvernig líkaminn starfar í heild.



Nelly Ben-Or